

Fundargerð

22. fundur ÍTN 4. júní 2008.

Mætt: Linda, Ragnar, Heiðrún, Árni.

1. Til kynningar:

Formaður kynnti niðurstöður rannsóknar „Ungt fólk 2007“. Rannsókn og greining. Þar kom fram að skipulögð starfsemi í umsjá ábyrgra aðila er líklegra að hafa uppbyggjandi áhrif á sjálfsmynd unglinga en óskipulagt starf þar sem ekki er haldið vel um hlutina.

2. Til afgreiðslu:

1. Auglýsa þarf lausa stöðu íprótta- og tómsfundafulltrúa og vill nefndin koma því á framfæri að staðan verði auglýst sem víðast og sem fyrst, þ.e. í júní svo hann geti starfað yfir sumartímann sem nauðsynlegt er.
2. 17. júní hátíðarhöld.
Heiðrún ætlar að tala við kvenfélagið varðani kaffihlaðborð og Linda við Þorstein Ægi um leiki með krökkunum á vellinum. Búist er við að hestamannafélagið haldi firmakeppni á Lönguhlíðarmelum. Linda talar við Angantý um aðild Veraldarvina að deginum.
3. Viðhald á Þórsveri og Veri.
ÍTN leggur áherslu á að Þórsver verði klætt að utan eins og stefnt var að. ÍTN óskar einnig eftir því að komið verði upp skiltum við ípróttahúsið sem sýnir reykingar bannaðar til að bæta aðgengi hússins.
4. Klúbbastarfsemi sumarsins.
Steinunn Guðnadóttir ætlar að vinna með „Flott án fíknar“ 1-2 sinnum í mánuði.
5. – Vinnuskólinn hófst í morgun með námskeiði í vinnuvernd sem haldið var í Veri.
- Skólagarðar.

ÍTN telur að standa þurfi mun betur að staðsetningu og framkvæmd skólagarða að öllu leyti. Finna þarf stað sem getur verið varanlegur og verður að vera stærri.

- Kofabyggð.

Stefnt er að því að Sigurður Sigfússon og Björgvin Þóroddsson verði krökkunum innan handar tvisvar í viku við gömlu sundlaug.

6. Sumarið 2008.

Óvíst er með dagskrá sumarsins þar sem ekki hefur verið ráðinn íþróttá- og tómstundafulltrúi.

Eftirfylgd:

ÍTN vill að Svartholið verði tekið út varðandi eldvarnir þar sem hvorki er reykskynjari né slökkvitæki.

Fundi slitið kl 18:10.

Árni Davíð ritari.